



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 143/1080
komudagur 17.2.2014

Reykjavík, 17. febrúar 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum (heildarlög, EES-reglur), 238. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagt er til að innleidd verði í íslenskan rétt ákvæði tveggja reglugerða sem fjalla um greiðslur yfir landamæri í evrum, annars vegar ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 og hins vegar ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009.

SA eru almennt samþykkt lagasetningunni, en gera alvarlegar athugasemdir við ákvæði 4. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um stjórnvaldssektir. Að mati SA er þar um sé að ræða óvandaða lagasetningu þar sem brotið er alvarlega gegn sjónarmiðum um meðalhóf.

Í athugasemdum í greinargerð frumvarpsins kemur fram að lagt sé til að Fjármálaeftirlitið hafi sambærilegar heimildir til álagningar stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins og samkvæmt lögum nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, og lögum nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Tekið er fram að heimild Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta beinist eingöngu að greiðsluþjónustuveitendum en ekki notendum greiðsluþjónustu og sé það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 260/2012 sem verið er að lögleiða. Þá er tekið fram að líklegt þyki að stjórnvaldssektarákvæðum frumvarpsins verði ekki beint gegn einstökum starfsmönnum greiðsluþjónustuveitenda en þeim sé þó haldið inni svo gætt sé samræmis við önnur lög á þessu sviði og til að taka á hugsanlegum undantekningartilvikum, svo sem ef um einbeittan brotavilja og ítrekuð brot starfsmanns greiðsluþjónustuveitanda væri að ræða. Sambærilegar heimildir til álagningar stjórnvaldssekta er jafnframt að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði svo dæmi séu tekin.

Sá grundvallarmunur er á mögulegum viðurlögum þessara laga og annarra laga sem vísað hefur verið til og sem er að brot gegn ákvæðum þeirra laga geta jafnframt verið refsiverð og varðað hina brotlegu fangelsisvist. Enda eru brot gegn ákvæðum þeirra laga mun alvarlegri en möguleg brot gegn jafnræði í gjaldtöku eða öðrum tæknilegu útfærsluatriðum varðandi greiðslumiðlun yfir landamæri í evrum sem til umfjöllunar eru í þessu frumvarpi. Svo virðist sem ákvæðið sé endurunnið úr öðrum lögum án sjálfstæðrar skoðunar um hvað sé eðlileg og sanngjörn refsing við broti gegn ákvæðum frumvarpsins. Er þannig að finna í 4. mgr. 4. gr. tilvísun í réttarvernd einstaklinga ef mál geti varðað kæru til lögreglu þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir að brot gegn lögnum sé yfir höfuð refsivert.

Samtökin telja þetta ekki vera í samræmi við eðlilegar kröfur um vandaða lagasetningu og fara fram á að ákvæðið verði endurskoðað. Vísun frumvarpsins til þess að nauðsynlegt sé að hafa heimild til að leggja stjórnvaldssekt á einstaklinga vegna samræmingar stenst einfaldlega ekki þar sem þau lög sem eru lögð til samanburðar fela í sér mun alvarlegri brot sem geta jafnframt varðað einstaklinga refsingu.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þá eru ummæli í greinargerð um að ákvæðið gæti verið þarft til að taka á undantekningartilvikum þar sem um einbeittan brotavilja væri að ræða í engu samræmi við saknæmisákvæði frumvarpsins, en í 1. másl. 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að einfalt gáleysi dugir til að heimilt sé að beita stjórnvaldssekt. Þá er ætlunin að lögfesta með frumvarpinu ákvæði um lágmarkssekt án heimildar til að fella niður sektir eða annarra mildandi úrræða. Samtökin telja ummæli í greinargerð sýna skýrt hversu langt er gengið í sjálfu ákvæðinu enda séu tillögð sektarákvæði ekki í neinu samræmi við það sem eðlilegt getur talist og því fer fjarri að meðalhófs sé gætt.

Leggja samtökin til að ákvæðinu verði breytt á þá leið að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að leggja stjórnvaldssekt á greiðsluþjónustuveitenda sem brjóti af ásetningi gegn ákvæðum laganna. Telja samtökin eðlilegra í þeim tilfellum þar sem brot varðar ekki refsingu að miðað sé við að það þurfi að vera til staðar ásetningur eða alvarleg vanræksla enda óeðlilegt að það geti komið til skoðunar að beita starfsmenn lögaðila refsikenndum viðurlögum vegna sakleysislegra mistaka.

Telja samtökin mikilvægt að gætt sé meðalhófs þegar kemur að heimildum til að leggja refsikennd viðurlög á fyrirtæki í landinu sem og starfsmenn þeirra. Nauðsynlegt er að með frumvarpinu fylgi sjálfstætt mat á nauðsyn viðurlagakvæða með hliðsjón af eðli þeirra og umfangi en ekki sé látið nægja að vísa með almennum hætti til ákvæða annarra laga, sem eiga þar að auki við um eðlisólík brot.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Bergþóra Halldórsdóttir